



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Alþingi

Erindi nr. P 138/556
komudagur 9. 12. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2009.

Umsögn um 257. mál, frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta.

Með tölvupósti þann 7. desember 2009 sendi háttvirt efnahags- og skattanefnd Alþingis KPMG hf. til umsagnar frumvarp á þingskjali nr. 293, borið upp af fjármálaráðherra.

Frumvarpið hefur annars vegar að geyma tillögur um svonefnt kolefnisgjald og hins vegar um skatt af raforku og heitu vatni. Tillögurnar eru fremur af pólitískum toga en skattæknilegum og gefa sem slíkar ekki tilefni til mikilla athugasemda af hálfu KPMG hf. Ákvæði 3. gr. gefur þó tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

I. kafli frumvarpsins fjallar um kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti. Lagt er til að gjaldskyldir verði annars vegar innflytjendur gjaldskylds eldsneytis og hins vegar innlendir framleiðendur. Í 3. gr. er lagt til að Tollstjóri annast álagningu og innheimtu gjaldsins og hafi eftirlit með því.

Eðlilegt er að Tollstjóra verði falin álagning gjaldsins við innflutning eins og lagt er til. Það samræmist hins vegar ekki megin uppbyggingu íslensks skattkerfis að fela Tollstjóra álagningu gjaldsins á innlenda framleiðendur. Hér er um að ræða verkefni sem eðlilegra væri að fela skattyfirvöldum og þá ríkisskattstjóra svo mið sé tekið af tillögum á þingskjali nr. 251. Benda má á þá hliðstæðu að Tollstjóri fer með ákvörðun vörugjalds við innflutning, en skattyfirvöld annast ákvörðun vörugjalds af innlendri framleiðslu og hafa eftirlit með því gjaldi. Þá má benda á að með lögum nr. 37/2000 var álagning bifreiðagjalds flutt úr höndum innheimtumanna í hendur skattyfirvalda með þeim rökum að réttaröryggi greiðenda væri mun betur borgið ef einn aðili annaðist álagningu skatts og annar innheimtuna. Auk þess sem skattyfirvöld væru betur í stakk búin en innheimtumenn til að annast álagningu skatta, enda byggju þau yfir meiri sérþekkingu á því sviði. Var sérstaklega vísað til allrar málsmeðferðar. Verður ekki betur séð en þau rök eigi jafnt við um álagningu umrædds kolefnisgjalds á innlenda framleiðslu.

Virðingarfyllt,

KPMG hf.